
Heilsustefna Landsbankans



Heilsustefna Landsbankans

Margt bendir til að líkur á ýmsum heilsufarslegum vandamálum bankamanna aukist samhliða þeirri aukningu sem orðið hefur á erfiðum verkefnum og auknu andlegu álagi í starfi. Efnahagur fjölskyldna og einstaklinga hefur einnig áhrif á heilsufar og vill bankinn með heilsustefnu sinni og aðgerðum samfara henni leggja starfsfólki sínu til fræðslu og forvarnir og bjóða þannig leiðir sem geta haft heilsuþætandi áhrif á starfsmenn bankans, fjölskyldur þeirra og þar með samfélagið í heild sinni.

Í Landsbankanum er lögð áhersla á að hlúa að og bæta andlega og líkamlega heilsu starfsfólks. Starfsfólk bankans er hvatt til að kynna sér þau úrræði og þá fræðslu sem í boði er og taka á þann hátt ábyrgð á eigin heilsu, lífsháttum og líðan. Heilsustefna Landsbankans sett fram sem hluti af starfsmannastefnu bankans.

Áhersluatriði

1. Næring
2. Hreyfing
3. Andlegt álag og streita
4. Áfengisvarnir
5. Tóbaks og vímuvarnir

Helstu markmið

- » Auka lífsgæði starfsmanna jafnt í vinnu sem frítíma.
- » Viðhalda og auka starfsánægju og góðan starfsanda.
- » Efla þekkingu starfsmanna á leiðum til að bæta og viðhalda góðri heilsu.
- » Vinna að almennri heilsuefningu í því skyni að fækka veikindadögum og fjarvistum sem tengjast vinnutengdu álagi.
- » Stuðla að því að aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað séu eins og best verður á kosið.

Framkvæmd heilsustefnu

- » Reglulega verði starfsmönnum boðið upp á heilsufarsmælingu.
- » Árlega verði starfsmönnum boðið upp á flensusprautu.
- » Reglulega verði boðið upp á heilsutengda fræðslu.
- » Styrkir til íþróttaiðkunar verði áfram í boði fyrir starfsmenn.
- » Starfsmenn verði hvattir til hreyfingar og þátttöku í heilsutengdum viðburðum.
- » Upplýsingagjöf verði í Heilsuefningu á intraneti varðandi heilsutengd málefni.
- » Reglulega verði yfirfarnar reglur um vinnuvernd og vinnuástaða starfsmanna endurmetin.
- » Mötuneyti bankans bjóði upp á heilsusamlegt fæði, a.m.k sem valkost.
- » Samstarf við SSF og FSLÍ um heilsutengda þætti og markviss kynning á því sem starfsmönnum stendur til boða frá banka, starfsmannafélagi og stéttarfélagi.
- » Starfsmenn skulu hafa greiðan aðgang að trúnaðarlækni bankans.
- » Vinnuumhverfi skal vera öruggt og heilsusamlegt eins og kostur er í samræmi við lög og reglugerðir um öryggi og aðbúnað á vinnustöðum.